


býr yfir. Það er siðferðislega rangt að þegja yfir þessum upplýsingum og miðla þeim ekki til almennings!

Vandað fræðsluefni sem fjöldi heilbrigðisstarfsfólks kemur að, sett fram af varkárni í fjölmiðlum með aðstoð fólks með sérþekkingu á almannatengslum hefur aukið þekkingu almennings. Sú þekking hlýtur að skila sér í bættri líðan, betri lífsmáta án lyfja eða með skynsamlegri notkun þeirra og vonandi fækkun á nýgengi og dánartíðni af völdum sjúkdóma, svo sem krabbameins.

Í nútímapjóðfélagi gerir gæðastjórnun almennt kröfur um fyrirbyggjandi aðgerðir. Heilbrigðismál þar sem rætt er um líf og heilsu fólks verða ekki undanskilin þeirri kröfu. Forvörn er fyrirbyggja og það er nauðsynlegt að við beitum okkur á því sviði. Þannig er hægt að hafa áhrif á framvindu mála með góðu fræðsluefni fyrir almenning og forða sjúkdómum. Augljóst er að þátttaka okkar með skynsamlegum og skipulögðum hætti er margfalt betri en þögnin og sennilega mætti nefna aðgerðarleysi á þessu sviði kæruleysisvæðingu. Hver vill taka þátt í því?



William Carlos Williams
Myndir frá Bruegel

William Carlos Williams

Vetrarforleikur

Mölflugan undir ufsinni,
vængirnir eins og
trjábörkur, kúrir,
samhverf, kyrr –

Og ástin er furðuverk
með mjúka vængi,
bærisk ekki undir ufsinni
meðan lafin falla –

Þetta ljóð eftir bandaríska lækninn William Carlos Williams er hér í þýðingu Árna Ibsen. Þýðingar hans á ljóðum Williams komu út fyrir jólin í bókinni *Myndir frá Bruegel*. Áður hafa þýðingar Árna á ljóðum Williams komið á prent hjá bókaforlaginu Bjarti í bókinni *Rauðar hjólbörur*, 1997. Ljóðin í nýjustu bókinni eru frá síðari hluta skáldferils Williams en hann var eitt fremsta skáld Bandaríkjanna á 20. öld og dó árið 1963.